

# Fréttasnepill úr skólastarfi BES

Kæru foreldrar/forráðamenn.

Hér með ætlum við í BES að endurvekja fréttabréfið sem var hluti af upplýsingaveitu skólans fyrir nokkrum árum. Í haust höfum við lagt áherslu á að tengja skólann og nærsamfélagið á skilvirkari hátt en verið hefur og er aukin upplýsingamiðlun liður í því.

Við höfum betrubætt heimasíðu skólans, aukið upplýsingaflæði í gegnum samfélagsmiðla s.s. Twitter og Facebook, aukið tíðni fréttabréfa frá umsjónarkennurum og nú með endurkomu fréttabréfs skólans. Hugmyndin er að fréttabréfið komi út ekki sjaldnar en einu sinni á önn eða tvisvar yfir skólaárið. Í fréttabréfinu verður vettvangur til þess að kynna starf skólans, hvað hefur verið gert og hvað er framundan.

## Upphaf skólaárs 2015-2016

Starfið í ár fór af stað með gríðarmiklum krafti. Öflugur starfsmannahópur kom til starfa endurnærður að sumarleyfi loknu og hóf að undirbúa kennsluárið upp úr miðjum ágúst. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum frá fyrra skólaári. Guðný Ósk Vilmundardóttir og Íris Árný Magnúsdóttir komu til starfa á ný eftir barneignaleyfi og Ingibjörg Markúsdóttir var ráðin sem afleysingakennari ípróttu í fæðingarorlofi Berglindar Elíasdóttur. Fyrsta nóvember lét Guðný Vilmundardóttir af störfum sem umsjónarkennari 4.bekkjar og vinnur hún nú hjá leikskólunum hér við ströndina. Í hennar stað var Rakel Þórðardóttir ráðin sem umsjónarkennari 4. bekkjar.



Kraftmiklir, nýir stuðningsfulltrúar bættust í starfsmannahópinn í haust en nokkrir létu af störfum síðastliðið vor. Vel hefur gengið að ráða í þau störf, sem er mjög ánægjulegt, enda störf stuðningsfulltrúa mjög mikilvæg okkar stofnun.

## Ný stundatafla 1.-4. bekkjar

Sú nýbreytni er á stundaskrá nemenda í 1.-4. bekk að þeir fara ekki til síns heima kl. 13:15 eins og hefur tíðkast hingað til heldur verja þeir auknum tíma með kennara til kl. 13:55. Ávinningurinn af þessari nýbreytni er m.a. sá að kennarar fá aukin tækifæri til að vinna að ýmsum uppbyggilegum lífsleikniþáttum. Til dæmis hafa nemendur undirbúið bekkjakvöld, stundað útiveru og ýmislegt í þeim dúr. Almenn ánægja er með þetta fyrirkomulag.

## Foreldrafélagið

Nýtt foreldrafélag hefur tekið til starfa og berum við miklar væntingar til ánægjulegs og kraftmikils samstarfs með því. Stjórn foreldrafélagsins skipa: Dorothee Lubecki formaður, Lóa Óskarsdóttir varaformaður og ritari, Þóra Ósk Guðjónsdóttir gjaldkeri og meðstjórnendur eru Hulda Guðmundsdóttir, Guðríður Geirsdóttir og Ósk Pálsdóttir.

## Nemendaráð unglíngastígs



Í aðalnámskrá frá árinu 2011 er kveðið á um að lýðræði eigi að fá aukið vægi í skólastarfi. Við höfum eftir nemendalýðræði í BES með því að gera nemendum unglíngastígs kleift að sinna félagsstörfum með markvissari hætti en áður. Á vordögum var kosið til nemendaráðs og tók það til starfa í haust, en þá voru því úthlutaðir tveir tímar á viku til fundahalda og vinnu við að setja upp og skipuleggja félagslíf nemenda BES. Haukur Gíslason, kennari og félagsmálafulltrúi, stýrir vinnunni en formaður

nemendaráðs 2015-2016 er Ásdís María Magnúsdóttir.

## Leikhópurinn Lopi

Við Barnaskólann er starfræktur leikhópur sem ber það skemmtilaga nafn LOPI. Það er skólastjórinn okkar, Magnús J. Magnússon, sem hefur veg og vanda af öllum framkvæmdaþáttum þar en leiklistarstarfið er hluti af valáföngum unglíngastígsins. Síðastliðið vor sýndi hópurinn verkið „Útskriftarferðin“ og nú í nóvember sýndi hópurinn verkið „Þú ert í blóma lífsins, fjflið þitt“ við góðar undirtektir. Starf leikhópsins hefur verið gríðarlega öflugt og skemmtilegt og er það okkur í BES mjög mikilvægt að geta boðið upp á leiklist sem hluta af skólastarfinu. Á vorönn mun LOPI svo setja upp sýningu sem við hlökkum mikið til að sjá.

# JÓLADAGSKRÁ Í DESEMBER 2015

ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER SKREYTINGADAGUR

FÖSTUDAGUR 4. DESEMBER JÓLASÖNGUR 1

MIDVÍKUDAGUR 9. DESEMBER JÓLASÖNGUR 2/JÓLAGLUGGI BES KL. 09.00

MIDVÍKUDAGUR 16. DESEMBER JÓLASÖNGUR 3 / GESTIR FRÁ LEIKSKÓLANUM

FÖSTUDAGUR 18. DESEMBER LITLU JÓLIN

**SUNGID VERÐUR AÐ LOKNUM FÝRSTU FRÍMÍNÚTUM**